

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um greiðslupátttöku
Sjúkratrygginga Íslands vegna fitubjúgs.

Frá Líneik Önnu Sævarsdóttur.

- Hvaða skilyrði þarf sjúklingur að uppfylla til þess að fá niðurgreiðslu á stoð- og hjálpartækjum vegna sjúkdómsins fitubjúgs (*lipoedema*)?
- Hver hefur kostnaðarþátttaka Sjúkratrygginga Íslands verið vegna stoð- og hjálpartækja til einstaklinga með fitubjúg árlega síðastliðin fimm ár og hversu margar umsóknir hafa borist hvert ár?
- Hafa Sjúkratryggingar Íslands hafnað því að taka þátt í kostnaði vegna stoð- og hjálpartækja fyrir einstaklinga með fitubjúg á síðastliðnum fimm árum og hversu margar umsóknir hafa borist hvert ár?
- Hvaða kröfur eru gerðar til greiningar sjúklings og/eða meðferðar til að Sjúkratryggingar Íslands taki þátt í kostnaði við aðgerðir vegna fitubjúgs?
- Er unnið að undirbúningi þess að hægt verði að framkvæma aðgerðir vegna fitubjúgs hér á landi?

Skriflegt svar óskast.